

Ed.

150. Þingsályktun

um rannsókn á akvegastæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdals-
hjeraðs.

(Afgreidd frá Ed. 9. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta sumri framkvæma nákvæma rannsókn á akvegastæði yfir Fjarðar-
heiði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs.

Niðurstaða rannsókna, svo og áætlun kostnaðar við vegagerð þessa, leggist fyrir næsta Alþingi.